

Textílmennt 8. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

8

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Lögð er áhersla á sköpun og hugmyndavinnu í 8. bekk þar sem nemendur eiga að hanna eigið textílverk út frá ákveðnu þema sem þeir velja sér. Farið verður yfir vinnubrögð hönnunar- og hugmyndavinnu ásamt upprifjun á ýmsum aðferðum. Nemandur eiga að nýta sér áunna þekkingu ásamt því að bæta við hana. Lagt er upp með að nemandur velji eina af eftirfarandi aðferðum í verkefni sínu; þrjón, vélsaum, útsaum eða þæfingu. Kennsla fer fram með innlögnum í upphafi hverrar lotu og notast verður við verklega-, sýni-, og einstaklingskennslu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í þrem lotum og fær hver nemandi eina kennslustund á viku, 60 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemandur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi bókstaf.

Námsgögn

Glærukynning, tölvur, bækur, blöð, leiðbeiningar, nálar, krítar, málband, skæri, tituprjónar, sníðapappír, efni og snið. Ásamt þeim áhöldum eða hráefni sem til falla við vinnuna.